

Miðvikudaginn 18. okt. 1933.

Nr. 191/1932. Páll Jónsson (Stefán Jóh. Stefánsson)

gegn

**Verzlun A. & P. Kristjánssona**

(Eggert Claessen).

Peningagreiðsla fyrir verkkaup talin innt af hendi áður en framsal verkkaupskröfunnar fór fram.

*Dómur aukaréttar Þingeyjarsýslu 13. okt. 1932:* Aðalstefndur í máli þessu, Páll Jónsson fv. bakari á Húsavík, greiði aðalsækjanda, verzlun A. & P. Kristjánssona á Húsavík, kr. 247,88 aura með vöxtum 5% p. a. frá 1. jan. þ. á. til greiðsludags.

Gagnstefndur, verzlun A. & P. Kristjánssona, sé sýkn af kröfum gagnstefnanda í gagnsökinni.

Í málskostnað greiði aðalstefndur aðalsækjanda kr. 50,00.

Dóminum að fullnægja innan 15 daga frá löglegri birtingu hans undir aðför að lögum.

### **Dómur hæstaréttar.**

Áfrýjandi hefir krafizt þess fyrir hæstarétti, að hinum áfrýjaða aukaréttardómi verði hrundið og breytt þannig, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér kr. 384,50 ÷ kr. 247,88 eða kr. 136,62 svo og málskostnaðar í undirrétti og hæstarétti eftir mati réttarins.

Stefndi hefir hinsvegar krafizt staðfestingar á aukaréttardóminum og málskostnaðar í hæstarétti.

Krafa áfrýjanda er þannig til orðin, að þann 26. jan. 1931 framseldi Jón A. Jónsson, sjómaður á Húsavík, honum verkkaupskröfu að upphæð kr. 384,50, er hann taldi sig eiga á hendur stefnda fyrir hirðingu á vél og aðra vinnu við vélbátinn Friðþjófur, er gerður var út af stefnda árið 1930. Þessu viðvikjandi er það upplýst í málinu, að nefndur

Jón A. Jónsson var þetta ár ráðinn vélamaður á bátinn yfir vertíðina eða frá því um miðjan maí-mánuð til loka septembermánaðar með þeim kjörum, að hann skyldi fá hlut af afla bátsins, er leggjast átti inn í viðskiptareikning hans við stefnda, og að auki 300 kr. fyrir hirðingu vélarinnar, er greiðast skyldi í peningum. Að fiskiveiðunum enduðum eða í lok októbermánaðar 1930 voru reikningar yfir útgerð bátsins gerðir upp og var þá andvirði aflahlutar Jóns, ásamt 300 kr. fyrir vélarhirðinguna og kr. 84,50 fyrir aðra vinnu hans við bátinn færðar honum til tekna í verzlunarreikningi hans hjá stefnda. Eftir það fékk Jón vörur, milliskriftir og peninga í verzlunarreikning sinn hjá stefnda, þannig, að hann í árslokin skuldaði honum kr. 647,41.

Áfrýjandi byggir nú kröfu sína á því, að stefndi hafi samkvæmt 1. gr. í lögum nr. 28. 19. maí 1930 verið óheimilt að færa verkkaupið í verzlunarreikninginn til skuldajafnaðar eða greiðslu eldri verzlunarskuldar og sé honum því skylt að greiða sér það í peningum samkvæmt framsalinu. Stefndi hefir hinsvegar neitað því, að verkkaupið hafi gengið til skuldajafnaðar eða greiðslu eldri verzlunarskuldar, en byggir fyrst og fremst sýknukröfu sína á því, að hann hafi verið búinn að greiða Jóni verkkaupið í peningum áður en framsalið fór fram. Þessu til sönnunar hefir hann vísað til viðskiptareiknings Jóns við sig, er lagður hefir verið fram í málinu, eigi hefir verið véfengdur og sýnir, að stefndi hefir á útgerðartíma bátsins eða frá 14. maí til loka september 1930 greitt Jóni í peningum samtals kr. 657,22, að meðtalinni greiðslu á 500 króna víxli til Sparisjóðsins á Húsavík, er eftir

eðli sínu og málf lutningnum verður að teljast peningagreiðsla, og telur stefndi sig með þessum peningagreiðslum hafa greitt verkkaupið.

Það verður nú að fallast á það, að stefndi hafi mátt líta svo á, að hann með þessum peningagreiðslum hafi greitt til Jóns verkkaupskröfu þá, er hann svo sem áður segir, síðan framseldi áfrýjanda. Það verður því þegar af þessari ástæðu að sýkna stefnda af kröfu áfrýjanda í málinu og staðfesta hinn áfrýjaða aukaréttardóm.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað í hæstarétti, er ákveðst 200 kr.

#### Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða aukaréttardómi skal óraskað.

Áfrýjandi, Páll Jónsson, greiði stefnda, verzlun A. & P. Kristjánssona á Húsavík, 200 kr. í málskostnað fyrir hæstarétti.

Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál það sem hér liggur fyrir, er í aðalsök þingfest þann 21. júlí þ. á. að undangenginni árangurslausri sáttumleitun, en gagnsökin þingfest 30. júlí þ. á. og hafa málsaðilar komið sér saman um það, bæði í aðalsök og gagnsök, að mæta óstefndur fyrir aukarétti Þingeyjarsýslu.

Tildrög málsins eru þau, að aðalsækjandi hefir með sáttakæru, dags. 5. júlí þ. á., sótt aðalstefnda til greiðslu á verzlunarskuld að upphæð kr. 247,88 auk vaxta 6% af skuldinni frá 1. jan. þ. á. til greiðsludags og sömul. krafizt þess, að hann greiði allan af máli þessu löglega leiðandi kostnað.

Þessum kröfum hefir aðalstefndi mótmælt, skirskotandi til þess, að hann hinn 26. jan. 1931 hafi keypt ávisun á aðalstefnanda að upphæð kr. 384,50 hjá vélamanni Jóni A. Jónssyni á Húsavík, og hefir því hafið gagnsök í máli þessu til þess, að fá sér dæmda nefnda upphæð með vöxtum 6% frá dagsetningu ávisunarinnar til greiðsludags, með eða án skuldajafnaðar við skuld þá, sem stefnt er út af í aðalsökinni og málskostnað bæði í aðalsök og gagnsök. Til stuðnings kröfum sínum í gagnsökinni heldur gagnsækjandi fram að hann hafi þann 26. jan. 1931 keypt framannefnda ávisun á gagnstefnda og þar sem hún hljóðar á ákveðna upphæð fyrir unnið verkkaup árið 1930, sem er nánar tiltekið og sundurliðað með bréfi útgefanda ávisunarinnar til gagnstefnda dags. sama dag og ávisunin var gefin út, þá sé gagnstefndi skyldur til samkv. lögum nr. 28, 19. maí 1930, um verkkaup, að standa sér skil á upphæðinni út úr viðskiptareikningi útgefanda ávisunarinnar við verzlun gagnstefnda, þar sem verkkaupgreiðslan hafi í heimildarleysi verið færð í reikning í stað þess, að koma sér til útborgunar. Gagnstefndi hefir eindregið mótmælt því, að hann skuldi útgefanda ávisunarinnar hið umrædda verkkaup og sérstaklega haldið fram í gagnsökinni, að gagnstefndi sé ekki réttur aðili til þess í máli þessu, að krefja sig um verkkaupgreiðslu og krafizt algerðrar sýknu í gagnsökinni.

Eins og skjöl málsins bera með sér, hefir gagnsækjandi í máli þessu keypt eða réttara sagt fengið ávisun þá að upphæð kr. 384,50, sem gagnsökinn er út af risin, hjá útgefanda ávisunarinnar upp í húsaleigu f. árið 1930, og sömuleiðis er það upplýst að ávisunin er gefin út á vélarpössun og vinnu við vélbátinn „Friðþjóf“ frá Húsavík árið 1930. Virðist því úrslit gagnsakarinnar í máli þessu velta á því, hvort útgefandi ávisunarinnar átti að réttu lagi inni hjá gagnstefnda hið umrædda verkkaup, þann 26. jan. 1931 og hvort gagnsækjandi hafi með því að fá ávisunina hjá útgefanda hennar, öðlast sama rétt og hann gegn gagnstefnda samkv. lögum nr. 28, 19. maí 1930, en á hvorugt þetta verður hægt að fallast.

Gegn eindreginni neitun gagnstefnda á því, að hann skuldi hið umrædda verkkaup verður það ekki talið nægilega sannað, en jafnvel þótt svo væri, verður að telja rétt

þann, sem þeim er veittur með lögum nr. 28, 19. maí 1930, sem verkkaup eiga, algerlega persónulegan rétt, sem ekki er hægt að framselja öðrum eða láta ganga kaupum og sölum sbr. sérstaklega 4. gr. nefndra laga, er sýnir það, að einungis þeir geta krafist einkalögreglumálsmeðferðar samkv. nefndum lögum, sem unnið hafa fyrir verkkaupi.

Samkv. framansögðu verður því ekki í gagnsökinni hægt að taka kröfur gagnsækjanda til greina, en í aðalsök hefir kröfu aðalsækjanda ekki verið sérstaklega mótmælt sem rangri og verður því að dæma aðalstefndan til þess, að greiða hina, umstefndu upphæð með vöxtum 5% p. a. frá 1. jan. þ. á. til greiðsludags.

Málskostnað í aðalsök og gagnsök ber að dæma aðalstefnda til þess að greiða aðalstefnanda og virðist hæfilega metinn 50,00 krónur.

Dráttur litilháttar, sem orðið hefir á uppkvaðningu dóms þessa, stafar sumpart af fjærveru dómarans, sumpart af embættisönnum þegar heim kom.

---

Föstudaginn 20. okt. 1933.

Nr. 35/1933. **Halldór Kr. Þorsteinsson**

(Eggert Claessen)

gegn

**Carli Finsen, f. h. Trolle & Rothe h/f,**  
**vegna Bergens Assuranceforening og**  
**gagnsök (Sveinbjörn Jónsson).**

**Björgunaraðstoð.**

*Dómur sjóréttar Reykjavíkur 25. marz 1933:* Stefnur, Carl Finsen, f. h. Trolle & Rothe h.f., vegna Bergens Assuranceforening, greiði stefnanda, Halldóri Kr. Þorsteinssyni, kr. 15.000.00 auk 5% ársvaxta frá 2. dezember 1932 til greiðsludags og útlagðan kostnað og málskostnað með kr. 1100.00 og hefir stefnandi sjóveðrétt í s/s. Ingerto frá Bergen fyrir hinum tildæmdu upphæðum.

Dóminum ber að fullnægja innan þriggja sólarhringa frá lögbirtingu hans, að viðlagðri aðför að lögum.